

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/283
komudagur 25.11.2009

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akranesi 24. nóvember 2009

Tilvísun: L08120010/022.1/MG/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 - Þskj. 224 - 200 mál

Landmælingar Íslands fengu þann 19. nóvember 2009 til umsagnar frá Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þskj. 224, 200. mál. Rétt er að taka fram að stofnunin sendi umsögn sína til Alþingis um þingsályktunina þann 5. janúar 2009 en í eftirfarandi umsögn koma fram nýjar ábendingar til viðbótar við þær sem áður voru fram komnar. Eftirfarandi er umsögn Landmælinga Íslands vegna þingsályktunarinnar:


1. Í þingsályktuninni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar séu til um náttúrufar friðlýstra svæða og að mikilvægt sé að bæta úr þeim þekkingarskort. Landmælingar Íslands taka undir þessa ábendingu og vilja jafnframt benda á að þörf er að vinna góð grunnkort af friðlýstum svæðum sem geti nýst sem flestum sem á þurfa að halda. Einnig er mikilvægt að tiltæk séu góð grunnkort t.d. varðandi hæðarupplýsingar, vatnafar og gróður af landinu öllu enda tengjast umhverfismál og mjög svo vaxandi ferðamennska landinu öllu þó að sum svæði séu friðlýst vegna sérstaks verndargildis.
2. Mikilvægt er að landfræðileg gögn sem unnin verða séu vegna náttúruverndaráætlunar séu gerð aðgengileg öllu samfélaginu án hindrana og að horft sé til þess að gögnin nýtist í víðu samhengi.
3. Landmælingar Íslands vilja vekja á því athygli að mikilvægt er að mörk jarða og lóða á Íslands auk margvíslegra stjórnsýslumarka s.s. sveitarfélaga og þjóðlendulína séu gerð öllum aðgengileg á Íslandi með nýjustu upplýsingatækni. Gögn sem þessi eru mjög mikilvæg þegar farið verður í samninga við landeigendur um friðlýsingar.
4. Landmælingar Íslands vilja einnig vekja athygli á því að hvergi er í nýjum drögum að náttúruverndaráætlun fyrir árin 2009-2013 vikið að því hvernig koma eigi í veg fyrir akstur utan vega á hálendi Íslands, þ.m.t. á friðlýstum svæðum. Að margra mati er aukin utanvegaakstur ein stærsta ógn við sérstæða náttúru Íslands og því væri eðlilegt að tengja átak til þess að koma í veg fyrir slíkt landsáætlun um náttúruvernd.
5. Í texta þingsályktunarinnar kemur fram að í fyrsta kasti megi framkvæma grunngreiningar á náttúruverndarsvæðum með fyrirliggjandi gögnum. Landmælingar



Íslands vilja vekja athygli á því að nokkuð hefur skort á að gögn sem unnin eru fyrir opinbert fé séu aðgengileg þeim sem á þurfa að halda. Þessu þarf að breyta og mun ný tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE stuðla að því. Stofnunin hefur unnið greinargerð fyrir umhverfísráðuneytið um innleiðingu tilskipunarinnar. Greinargerðina um INSPIRE er hægt að nálgast á heimasíðu Landmælinga Íslands www.lmi.is. Einnig er rétt að fram komi að vinna við gerð frumvarps um INSPIRE tilskipunina er langt komin í umhverfísráðuneytinu.

6. Landmælingar Íslands taka undir ábendingar sem fram koma í þingsályktuninni um nauðsyn þess að undirbúa vel gerð náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2014-2018. Jafnframt tekur stofnunin undir að tryggja þarf nægjanlegt fjármagn fyrir stofnanir umhverfísráðuneytisins til grunnþagnaöflunar. Því tengist meðal annars að framlög til grunnkortagerðar landsins séu nægjanleg en Landmælingar Íslands skulu leiða slíkt verkefni samkvæmt lögum.
7. Í þingsályktuninni er sett fram kostnaðarmat vegna náttúruverndaráætlun 2009-2013. Það er mat Landmælinga Íslands að upplýsingar um kostnað við öflun grunnþagna (þ.m.t. kortagerð) sé ekki nægjanlega sýnilegur í framangreindu kostnaðarmati.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands